

Hverfisnefnd Naustahverfis

19. fundur haldinn í Pílutúni 6, 2. september 2009

Mættir voru Hrafnhildur E. Karlsdóttir, Gísli Rúnar Magnússon, Ásdís Birgisdóttir, Anna Sjöfn Jónasdóttir, Sigurður Sveinn Ingólfsson og Ólöf Inga Andrésdóttir.

Á fundinum var rætt um vel heppnaða Naustahátíð sl. vor.

Rætt um nauðsyn þess að fótboltavöllur við Naustaskóla verði upphitaður í vetur. Vitað er að aukafjármagn til skólanna er nauðsynlegt til að koma til móts við aukinn kostnað vegna upphitunar vallanna. Væri jafnvel hægt að fara í samningsviðræður við Norðurorku um orkuverð.

Rætt um nágrannavörslu. Bjarni, Björk og Hrafnhildur fóru á kynningarfund sem haldinn var á vegum Akureyrarbæjar og Sjóvár.

Aðalfundur hverfisnefndar Naustahverfis er fyrirhugaður fimmtudaginn 1. október 2009. Þar á að fara yfir starfsreglur hverfisnefnda og leggja fyrir fundinn til samþykkis. Einnig á að ræða skipulagsmál, framkvæmdir og félagsmál.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið.